

**FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR Í TRYGGINGAMIÐSTÖÐINNI HF.**  
**13. NÓVEMBER 2019**

Ár 2019, miðvikuaginn 13. nóvember kl. 16.00, var hluthafafundur í Tryggingamiðstöðinni hf. haldinn í fundarsal félagsins að Síðumúla 24, Reykjavík.

Formaður stjórnar, Örvar Kærneded, setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gerði grein fyrir tilefni fundarins. Einar Baldvin Árnason lögmaður var kjörinn fundarstjóri og Valgeir Pálsson fundarritari.

Fundarstjóri kannaði lögmati fundarins. Til fundarins var boðað með tilkynningu birtri í Kauphöll 16. október sl. og auglýsingu í tveimur dagblöðum 21. og 22. október sl. í samræmi við 88. gr. a og 88. gr. b hlutafélagalaga nr. 2/1995 og 13. gr. samþykpta félagsins. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmatan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans voru.

Gengið var til dagskrár samkvæmt fundarboði.

Þrjár tillögur lágu fyrir fundinum til afgreiðslu og í upphafi gerði Sigurður Viðarsson forstjóri grein fyrir þeim. Að svo búnu voru tillögurnar teknar til meðferðar og afgreiðslu.

**1. Tillaga um kaup félagsins á öllu hlutafé í Lykli fjármögnun hf.**

Lögð var fyrir fundinn svofelld tillaga: „Hluthafafundur í Tryggingamiðstöðinni hf. 13. nóvember 2019 samþykkir kaup félagsins á öllu hlutafé í lánaþyrirtækinu Lykill fjármögnun hf., kt. 621101-2420.“

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**2. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.**

Fyrir fundinum lá tillaga um tvær breytingar á samþykktum félagsins.

Annars vegar að 1. gr. samþykktanna hljóði svo: „Félagið er hlutafélag. Nafn þess er TM hf.“

Hins vegar að 3. gr. samþykktanna hljóði svo: „Tilgangur félagsins er eignarhald á hlutum í félögum á sviði fjármála-, lána- og fjárfestingastarfsemi, váttryggingastarfsemi og annars skylds reksturs. Enn fremur eignarhald og rekstur fasteigna, eigin fjárfestingastarfsemi og þjónusta við dótturfélög.“

Enginn fundarmanna hreyfði andmælum við því að báðir liðir tillögunnar væru bornir undir atkvæði í einu lagi og var svo gert. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

**3. Tillaga um hækkun hlutafjár í félaginu.**

Fyrir fundinn var lögð fram til samþykktar svofelld tillaga um hækkun hlutafjár:

„Til að fjármagna kaup á Lykli fjármögnun hf. samþykkir hluthafafundur í Tryggingamiðstöðinni hf. 13. nóvember 2019 að stjórn félagsins verði veitt heimild til að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 125.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt til nýrra hluta sem verða gefnir út á grundvelli heimildarinnar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samþykktir félagsins. Efnt verður til almenns hlutafjárútbóðs til að safna áskriftum að hinum nýju hlutum þar sem núverandi hluthafar njóta forgangsréttar í samræmi við hlutafjáreign sína en almennum fjárfestum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir þeim hlutum sem forgangsréttarhafar nýta sér ekki. Í útbóðsferlinu er stjórninni veitt heimild til að ákvarða útbóðsgengi hluta, áskriftar- og greiðslufresti og sölureglur að öðru leyti.“

Arion banka hf. verður falið að hafa umsjón með útbóðinu sem mun fara fram jafnskjótt og útbóðslýsing hefur verið gerð og skylt er gefa út í tengslum við útbóðið.

Við samþykktir félagsins bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 125.000.000 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar njóta forgangs til áskriftar að hinum nýju hlutum í samræmi við hlutafjáreign sína en almennum fjárfestum verður gefinn kostur á að skrá sig fyrir þeim hlutum sem forgangsréttarhafar nýta sér ekki. Andvirði hlutafjáraukningarinnar skal notað til fjármögnunar á kaupum félagsins á öllu hlutafé Lykils fjármögnunar hf. Stjórn félagsins ákveður útbóðsgengi þessara hluta, sölureglur, fresti til áskriftar og fresti til greiðslu þeirra. Stjórn félagsins skal heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins í tengslum við útgáfuna. Heimild þessi fellur úr gildi eigi síðar en 31. mars 2021.“

**FUNDARGERÐ HLUTHAFAFUNDAR Í TRYGGINGAMIÐSTÖÐINNI HF.**  
**13. NÓVEMBER 2019**


Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum sem farið var með á fundinum.

**4. Önnur mál.**

Enginn tók til máls undir þessum lið.


Fundargerðin var lesin í heyranda hljóði og engar athugasemdir gerðar.

Fundi var slitið kl. 16:30.



---

Einar Baldvin Árnason  
fundarstjóri



---

Valgeir Pálsson  
fundarritari